

Reglur Sveitarfélagsins Hornafjarðar um foreldragreiðslur/heimgreiðslur vegna gæslu barns/barna.

Foreldragreiðslur miðast við niðurgreiðslur til dagforeldra og uppfærast í samræmi við breytingar á þeim. Hægt er að sækja um greiðslur fyrir að hámarki 8 klukkutíma gæslu fyrir hvert barn. Greiðslunum er ætlað að brúa tímabilið frá því að fæðingarorlofi lýkur fram að þeim tíma sem barn kemst að í leikskóla eða í vistun hjá dagforeldri með starfsleyfi. Greitt er fyrir 11 mánuði, ekki er greitt fyrir sumarleyfi.

Skilyrði niðurgreiðslna

- Foreldragreiðslur eru háðar því að barn og foreldrar/forráðamenn séu með lögheimili og aðsetur í Sveitarfélaginu Hornafirði.
- Skilyrði fyrir afgreiðslu foreldragreiðslna er að fyrir liggi staðfest umsókn um leikskólapláss í leikskólum sveitarfélagsins eða dagvistun hjá dagforeldri með starfsleyfi.
- Foreldragreiðslur standa eingöngu þeim til boða sem ekki hafa fengið vistun fyrir barn sitt hjá dagforeldri með starfsleyfi eða í leikskóla.
- Hægt er að sækja um foreldragreiðslur þegar barn hefur náð eins árs aldri.

Afgreiðsla

- Sækja þarf um foreldragreiðslur á sérstöku umsóknareyðublaði á íbúagáttinni á slóðinni <https://ibuagatt.hornafjordur.is/>
- Réttur til foreldragreiðslna skapast í næsta mánuði eftir að sótt er um. Ekki er um afturvirkar greiðslur að ræða.
- Sækja þarf um fyrir hvern mánuð og þarf umsókn að berast fyrir 20. dag mánaðar á undan greiðslumánuði. Foreldragreiðslur eru fyrirfram greiddar fyrir einn mánuð í senn.
- Útborgun foreldragreiðslu er eigi síðar en þriðja virka dag hvers mánaðar.

Viðurlög

- Verði um ofgreiðslu á foreldragreiðslum að ræða, áskilja bæjaryfirvöld sér rétt til endurgreiðslu. Sé ofgreiðsla á grundvelli þess að umsækjandi hafi gefið upp rangar upplýsingar eða hann hafi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til greiðslu, er heimilt að leggja dráttarvexti á upphæð endurkröfunnar.

Samþykkt í bæjarráði 27. apríl 2021
Matthildur Ásmundardóttir
bæjarstjóri